



BYGGING NÝS LEIKSKÓLA OG STÆKKUN GRUNNSKÓLANS Á HELLU

Skýrsla faghópa 2019

LÝSING

Skýrsla faghóps um byggingu nýs leikskóla á Hellu. Faghópurinn skipa: Björk Grétarsdóttir, Hjalti Tómasson, Haraldur Eiríksson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Rósa Hlín Óskarsdóttir, Sigrún Björk Benediktsdóttir, Heimir Hafsteinsson, Klara Valgerður Brynjólfsson og Birgir Haraldsson.

Starfshópur um aðstöðumál grunnskólans á Hellu. Hópurinn skipa sömu fulltrúar fyrir hönd sveitarstjórnar en við bætast Kristín Sigfúsdóttir, Lovísa Sigurðardóttir, Hrafnhildur Valgarðsdóttir, Birta halldórsdóttir, Ingibjörg Þóra Heiðarsdóttir og Klara Viðarsdóttir.



Á 4. fundi Byggðaráðs Rangárþings ytra, 25.10.2018, var samþykkt að fela sveitarstjóra að kanna fyrirkomulag til undirbúnings á byggingu nýs leikskóla á Hellu. Núverandi leikskóli, sem telur 4 deildir, annar ekki lengur eftirspurn eftir leikskólaplássi og er um biðlista að ræða, sem ekki sér fyrir endann á. Ráðgert er að opna fyrir nýja deild í öðru húsnæði sem ekki tengist leikskólanum innbyrðis en slíkt fyrirkomulag er ekki gott til framtíðar eins og gefur að skilja.

Hér má sjá töflu sem sýnir þróun á aldri barna síðustu 10 árin bæði í þéttbýli og í dreifbýli Rangárþings ytra og er eingöngu miðað við póstnúmerin 850 og 851. Eins og sést er ekki mikil breyting á heildarfjölda á milli ára, þegar á heildina er lítið, en þó má lesa úr þróuninni að fjöldinn á yngsta árganginum fer vaxandi.

Mannfjöldinn eftir póstnúmerum, kyni og aldri 1998-2019

| | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 |
|-----------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|
| | Alls | Alls | Alls | Alls | Alls | Alls | Alls | Alls | Alls | Alls | Alls |
| 850 Hella | | | | | | | | | | | |
| 0-4 ára | 46 | 51 | 51 | 49 | 47 | 56 | 53 | 62 | 58 | 68 | 71 |
| 5-9 ára | 57 | 60 | 58 | 61 | 61 | 47 | 49 | 45 | 44 | 42 | 48 |
| 851 Hella | | | | | | | | | | | |
| 0-4 ára | 56 | 53 | 51 | 47 | 45 | 46 | 50 | 47 | 53 | 62 | 53 |
| 5-9 ára | 55 | 52 | 50 | 54 | 51 | 55 | 53 | 52 | 51 | 50 | 50 |

Tillaga að skipan starfshóps var lögð fram á 8. fundi Byggðaráðs, 28.2.2019, þar sem eftirtaldir aðilar voru tilnefnd: Björk Grétarsdóttir formaður Odda bs, Rósa Hlín Óskarsdóttir og Sigrún Björk Benediksdóttir leikskólastjórar, Heimir Hafsteinsson umsjónarmaður fasteigna, Haraldur Birgir Haraldsson skipulags- og byggingarfulltrúi, Klara Valgerður Brynjólfssdóttir formaður foreldrafélags Heklukots, Haraldur Eiríksson og Margrét Harpa Guðsteinsdóttir úr Byggðarráði.

Hlutverk faghópsins er að kynna sér nýlegar framkvæmdir á þessu sviði en faghópnum er ætlað að leggja fram tillögur til sveitarstjórnar um hvaða útfærsla skuli valin.

Vegna fæðingarorlofs Bjarkar Grétarsdóttur var Hjalti Tómasson skipaður forsvarsmáður hópsins í staðinn. Hjalti boðaði því til fyrsta fundar hópsins og var hann haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins þann 17.4.2019 þar sem eftirfarandi var bókað:



Undirbúningur við byggingu leikskóla og aðstöðumál grunnskólans á Hellu 2019

Fyrsti fundur faghópsins

Undirbúningur fyrir byggingu á nýjum leikskóla. Skipan faghóps af Byggðaráði. Hlutverk faghópsins er að kynna sér nýlegar framkvæmdir á þessu sviði en faghópnum er ætlað að leggja fram tillögur til sveitarstjórnar um hvaða útfærsla skuli valin.

Tekin voru saman nokkur atriði sem þarf að leggja áherslu á við ákvörðun nýs leikskóla.

Núverandi fjöldi leikskólabarna í báðum leikskólum nálgast 140 börn, þegar opnun nýrrar deildar verður að veruleika á Hellu. Fólk var sammála um að leggja þyrfti áherslu á 6 deilda leikskóla að lágmarki, en þó með möguleika á auðveldri stækkun síðar.

Fólk var einnig sammála um að ekki væri tilefni til að leggja niður leikskólann á Laugarlandi heldur þyrfti að eiga möguleika á að stækka skólann þar einnig ef og þegar fjöldi barna kallar á það.

Eftirfarandi áherslur voru lagðar fram sem þarf að skoða vel í næstu skrefum:

1. Staðsetning nýs leikskóla ætti að vera á skólasvæðinu á Hellu og tengjast þeirri starfsemi og þeim innviðum sem þar eru. Staðsetninguna væri æskilegt að tengja við starfsemi grunnskólans eða íþróttamiðstöðvarinnar á einhvern hátt. Þar sem knattspyrnuvöllurinn er of lítill skv. reglum um stærðir knattspyrnuvalla, er talið nauðsynlegt að hann verði færður til svo koma megi leikskóla og stækkun grunnskóla fyrir í framtíðinni.
2. Stærð leikskólans verði miðuð við 6 deildir til að byrja með en þó með möguleika á stækkun síðar. Bygging þyrfti að taka mið af þeim möguleika og mætti ekki þrengja að með slæmum útfærslum á rýmum.
3. Aðstaða og rými. Leiksvæði, bæði innan sem utandyra þarf að vera nægilegt. Ekki er gott að þrengt verði um of að leikrýmum barnanna við skipulag annarra rýma. Mötuneyti þarf að vera stórt og geta annað samtengingu við grunnskóla ef þörf þykir. Samkomusalur og mötuneyti þyrftu að nýtast samhliða. Gott framleiðslueldhús þarf að vera í tengslum við mötuneytið og gott aðgengi innandyra að því.
4. Kynningar og samráð. Stefnt er að því að efna til íbúafundar í haust þar sem íbúar verði hvattir til að segja frá sínum hugmyndum við byggingu leikskóla og jafnvel við skipulag skólasvæðisins í heild.
5. Stýrihópur lagði áherslu á að skoðaðir yrðu sambærilegir skólar og ráðgjafar metnir miðað við útfærslu þeirra. Stefna er tekin á eftirfarandi skoðunarferðir:
 - a. Skoðunarferð 13. maí nk. Farið verði í 3 leikskóla á suðvesturhorninu, Vesturberg í Reykjanesbæ, Krikaskóla í Mosfellsbæ og Rauðhól á Norðlingaholti. Sigrún mun setja sig í samband við leikskólastjóra viðkomandi leikskóla. Hjalti mun útvega bíl til fararinnar. Birgir tekur saman þátttöku aðila úr hópnum.
 - b. Skoðunarferð 22. maí nk. Farið verði í leikskólana í Þorlákshöfn,



Undirbúningur við byggingu leikskóla og aðstöðumál grunnskólans á Hellu 2019

Hveragerði og í Reykholti. Sigrún mun setja sig í samband við leikskólastjóra viðkomandi leikskóla. Hjalti mun útvega bíl til fararinnar.

Birgir tekur saman þátttöku aðila úr hópnum.

c. Þriðja ferðin yrði farin á Höfn í Hornafirði og verður tími ákveðinn síðar.

Fleira ekki gert að sinni.

Leikskólastjórnir Sigrún og Rósa Hlín lögðust því í framhaldi af fundinum í að hafa samband við viðkomandi leikskóla og stjórnendur þeirra til að ákveða með skoðunarferð og móttökur. Ákveðið var að kalla saman til ferðar 13.5.2019 og var ferðin skráð sem fundur í hópnum. Ekki var unnt að heimsækja alla þá skóla sem tilteknir voru á fyrsta fundi hópsins og er því um breytingu á listanum að ræða sbr. það sem hér segir:

Annar fundur faghópsins

Undirbúningur fyrir byggingu á nýjum leikskóla. Skipan faghóps af Byggðaráði. Hlutverk faghópsins er að kynna sér nýlegar framkvæmdir á þessu sviði en faghópnum er ætlað að leggja fram tillögur til sveitarstjórnar um hvaða útfærsla skuli valin. Hópurinn hefur farið í skoðunarferð til að skoða aðra leikskóla. Farið yfir fram komin áhersluatriði úr þeirri ferð.

Lagt var af stað í skoðunarferð klukkan 8.30 frá Miðjunni á Hellu. Mætt voru Sigrún Björk, Rósa Hlín, Klara Valgerður, Margrét Harpa, Heimir, Hjalti og Birgir. Hjalti var bílstjóri og var fenginn bíll frá dvalarheimilinu Lundi til ferðarinnar.

Rauðhóll. Fyrsti skólinn sem skoðaður var, var Rauðhóll í Norðlingaholti. Rauðhóll er 10 deilda leikskóli með pláss fyrir 206 börn. Starfsmenn eru yfir 50 talsins. Húsið er á einni hæð, byggt árið 2007 og hannað af Manfred hjá VA-arkitektum. Húsið varð brátt of lítið og annaði ekki fjölda barnanna í hverfinu. Því var brugðið á það ráð að byggja annað skólahús og eru þau bæði í notkun og stunda eldri börnin nám í nýrra húsinu. Mikið og öflugt samstarf er á milli Rauðhóls og Norðlingaskóla, sem er grunnskóli hverfisins og skammt er á milli skólanna tveggja.

Áherslupunktur úr skoðun:

Eiginlegur leikskóli er einnar hæðar. Lág er til lofta en mjög faglega skipulagt að innan. Gott flæði innan rýma. Vel útfærð rými. Gott og bjart eldhús.

Hefðbundið útisvæði, litlir útíþallar við hverja deild. Sullugryfja með dýnum til að auka notkunarmöguleika. Lágir gluggar, hentugir fyrir börn. Seinna húsið er viðbygging við Norðlingaskóla. Hávaði og veruleg hljóðmengun í rýmum. Tenging er við grunnskólann þar sem íþróttasalur og bókasafn er samnýtt. Einnig eru verknámsnemendur grunnskólans í smíðadeild leikskólans. Lítið eldhús, byggt í rými sem áður var geymsla innan skólans. Góð útisvæði.



Undirbúningur við byggingu leikskóla og aðstöðumál grunnskólans á Hellu 2019

Krikaskóli. Annar skólinn sem skoðaður var var Krikaskóli í Mosfellsbæ.

Krikaskóli tók tilstarfa í nýju húsnæði á árinu 2010. Um 200 börn eru í skólanum. Krikaskóli er samþættur leik- og grunnskóli fyrir börn á aldrinum tveggja til níu ára. Skólinn er á tveimur hæðum.

Áherslupunktur úr skoðun:

Hiti í gólfi útideildar. Gólf er niðurgrafið þar sem börn fara út til leikja. Munar um 250 mm á hæð gólfa, þannig að umsjónarmenn geta setið við að klæða börnin í útifötin. Stefnt er að því að fjarlægja alla þurrkskápa og setja frekar hitalagnir á vegg, eins konar handklæðaofna. Skápar eru með tvöfalt efri hólfi. Tvöfalt er fyrir skó að neðanverðu svo koma má fyrir bæði útiskóm og léttari. Tartan er á útisvæðum að mestu. Miklar hæðir í útisvæði sem nýtist vel. Tartan er einnig á útisvæðum á þaki 1. hæðar. Góð og stór útisvæði og partur af þeim undir þaki. Gler á veggjum á milli efri og neðri skápa í vinnurýmum, myndlist og smíðar og fl. Mörg sérrými fyrir miðju þar sem eru hvíldar- og leikrými. Góð hljóðeinangrun. Stigi á milli hæða notaður sem áhorfendapallar, svið á móti en heldur langt frá. Kúplar á þaki sem gefa náttúrulega lýsingu niður í rýmin. Stólar í matsal og leikrýmum eru úr steypu plasti og flestir stólarnir á hjólum. Kemur afskaplega vel út að sögn stjórnanda. Mjög gott flæði er á milli grunn- og leikskóla.

Dalsskóli. Síðasti skólinn sem skoðaður var var Dalsskóli í Úlfarsárdal.

Dalsskóli hóf starfsemi haustið 2010. Gert er ráð fyrir allt að 120 börnum á leikskólaaldri og rúmlega 250 börnum á grunnskólaaldri.

Áherslupunktur úr skoðun:

Mjög óljós aðkoma er að leikskólanum þegar komið er að bílastæði. Getur hugsanlega verið vegna framkvæmda á svæðinu. Öll rými eru passlega stór. Glergöt eru í gólfi 1. hæðar sem varpa birtu frá plastkúplum á þaki og alla leið niður á jarðhæð. Í fyrstu byggingunni eru sex almennar kennslu- og leikstofur sem allar snúa í hásuður og með stórum opnanlegum gluggum og hurðum. Á efri hæð er gengið út á svalir en á þeirri neðri út á hellulagða verönd. Svalir eru með hertu gleri. Í byggingunni er eitt minna kennslurými og fjölnota matsalur með fallegu útsýni til austurs. Í Dalsskólabyggingunni er gott eldhús og stjórnunarálma og þar er vinnuaðstaða utan kennslunnar fyrir starfsmenn skólans. Starfsmannasalerni eru með sturtu. Dalsskóli nýtir jafnframt 23 lausar kennslustofur. Þær eru staðsettar fyrir austan Dalsskólabygginguna. Vegna mikillar fjölgunar barna hefur verið horfið frá sameiginlegu leiksvæði leik- og grunnskólabarna. Verið er að fella út notkun þurrkskápa. Salerni eru beint innaf útisvæði. Fatahengi í nýja skólanum eru hringlaga.

Undirbúningur fyrir næstu ferð var einnig í höndum leikskólastjórnanna og var ákveðið að kalla saman til ferðarinnar 22.5.2019. Niðurstaða þeirrar ferðar er eins og hér segir:

Þriðji fundur faghópsins



Undirbúningur við byggingu leikskóla og aðstöðumál grunnskólans á Hellu 2019

Undirbúningur fyrir byggingu á nýjum leikskóla. Skipan faghóps af Byggðaráði. Hlutverk faghópsins er að kynna sér nýlegar framkvæmdir á þessu sviði en faghópnum er ætlað að leggja fram tillögur til sveitarstjórnar um hvaða útfærsla skuli valin.

Lagt var af stað í skoðunarferð klukkan 8.30 frá Miðjunni á Hellu. Mætt voru Sigrún Björk, Rósa Hlín, Margrét Harpa, Hjalti og Birgir. Hjalti var bílstjóri og var fenginn bíll frá Þjónustumiðstöðinni til ferðarinnar.

Undraland hveragerði

Byggður árið 2017. Starfsmenn eru í kringum 35. 120 börn geta verið í skólanum en í dag eru 105 börn. Eldhús eldar fyrir 250 börn þar sem eldhúsið er einnig fyrir grunnskólann.

Áherslupunktur úr skoðun:

Skólinn er 6 deildir. Yngri og eldri deildir í sitt hvorum endanum. Starfsfólk og vinnurými á milli. Hljóðvist góð, hljóðvistarplötur á veggjum. Dimmerar í öllum hvíldarrýmum. Mættu vera í sölum líka. Rennihurðir á salernum og hvíldarrýmum ekki gott v hávaða og vont að fylgjast með í hvíldarrýmum. Setja þyrfti kýrauga á þær hurðir. Neðri brún lugga í ca 50 sm hæð frá gólfi. Pallar úr timbri utan við allar deildir. Þyrftu að vera meira afmarkaðir. Læstar hirslur þurfa að vera v persónuverndarmála. Skiptiborð með vaski. Mætti vera stærri vaskur og með brúsu til skolonar. Flóttaleiðir opnast að neðan hefði mátt hafa læsingu ofar. Flísar á göngum. Hávaði kerrur og svoleiðis. Samkomusalur ca 60 m² en lofthæðin kannski óþörf. Ljósakúplar í loftum.

Álfheimar á Selfossi

Elsti leikskólinn á svæðinu. Skólinn hefur 4 rými á hverri deild. Skólinn telur 4 deildir. Svefnrými var hugsað á millilofti en er núna leiksvæði eða geymsla. Ofnar eru undir fataklefum barna. Vantar hillu þar. Listasmiðja á hverri deild ásamt sérgeymslu. Sérfatagerbergi á hverri deild.

84 börn 27 starfsmenn

Jötunheimar Selfossi

Rétt kíkt inn og skoðuð fatarými. Hefðbundið og ekkert nýtt.

Bergheimar Þorlákshöfn

Leikskólinn telur 5 deildir í dag en skólinn getur orðið 6 deildir. 97 börn og 33 starfsmenn.

Áherslupunktur úr skoðun:

Kaffistofan rúm sem er mikill kostur. Gera þarf ráð fyrir góðum tengimöguleikum fyrir hin mismunandi eldhústæki. Eldhús eldað f 360 manns og er eldað fyrir grunnskólann líka. Of lítið eldhús. Muna að gera ráð fyrir plássi fyrir aðföng og góða móttöku. Tenglar og rofar þurfa að vera í réttri hæð mv notkun rýmanna. Hirslur f diska og slíkt mættu vera minni. Stórar skúffur skapa óþægindi og eru þungar og ómeðfærilegar. Skiptirúm að vera mögul á að skipta beint ekki á hlið. Flottar innréttingar úr viði eru í öllum deildum. Þvottahús og eldhús þarf að vera nálægt hvort öðru. Sturta f starfsfólk. Tæknirympi í anddyri. Loftræsing. Aðstaða kennara góð. Ljósritunarvélar hafðar í sérrými innan aðstöðunnar til að varna óþægindum vegna hávaða frá þeim. Sérkennsla og íverurými. Viðtalsherbergi lítið. Mætti vera stærra v teymisfunda. Skrifstofur leikskólastjórnanna opnar og samtengdar. Vera með



Undirbúningur við byggingu leikskóla og aðstöðumál grunnskólans á Hellu 2019 salerni í sérrýmum. Þvottavél og þurrkari að gera ráð fyrir nægu rafmagni og að niðurföll taki á móti vatninu. Rofi á vegg til að slökkva fyrir rennsli á vatni í skolvöskum barnanna á salernum. Fundarými. Geymslur. Dimmarar. Rými f matarvagna sem tilheyra eldhúsi. Símatengla er gott að setja í öll rými.

Til að koma böndum á hin mismunandi áhersluatriði sem upp komu í skoðunarferðunum var ákveðið að funda saman og setja áherslur okkar á blað. Til fundarins var boðað 15.7.2019 og mættu allir nema Björk og Heimir, sem bæði voru fjarverandi. Á þeim fundi voru áhersluatriði rædd fram og til baka og metið með hvaða hætti best væri að haga skipulagi leikskólans að teknu tilliti til samtengingar við íþróttasvæðið og grunnskólann á Hellu.

Hér á eftir fer því samantekt faghópsins á áherslum sem hópurinn telur að þurfi að vera til staðar til að móta framtíðarbyggingu nýs leikskóla og leggur hópurinn því til að þær áherslur verði nýttar sem grundvöllur fyrir viðkomandi arkitekt eða hönnuð og vakað verði yfir því að byggður verði leikskóli sem fagaðilar, íbúar sveitarfélagsins, börn og foreldrar geti verið stollt af um ókomna tíð.

Eftirfarandi áherslupunkta er einnig að finna undir fundargerð 4. fundar faghópsins en í þessari upptalningu er gerð frekari grein fyrir ástæðum og hlutverki hvers atriðis. Myndir úr vettvangsferðum fylgja sumum atriðum til frekari skýringar.

Tillögur hópsins eru að:

...byggður verði 6 deilda leikskóli með möguleika á að stækkun í 8 deildir verði auðveld síðar. Viðbótardeildir þurfi ekki endilega að vera í formi nýrra bygginga eða viðbyggingar heldur gætu rými innan væntanlegrar byggingar nýst til deildaskipta. Gert verði ráð fyrir að um 140-160 börn nýti sér pláss á leikskóla í sveitarfélaginu á næstu árum.

...leikskólabygging verði tvær hæðir til að nýta megi sem best vinnuaðstöðu starfsfólks og leiksvæði einstakra rýma. Skrifstofur stjórnenda og starfsfólks verði aðskildar leiksvæðum og leikrymum barnanna.

...svalir verði þar sem það á við hvort sem þær tengjast flóttaleiðum eða sem hvíldarrými starfsfólks eða barna. Svalir gætu einnig nýst sem leiksvæði barna og þá sem aukasvæði við hverja deild.

...starfsemi nýs leikskóla verði samtengd starfsemi grunnskólans á Hellu, t.d. í formi sameiginlegs samkomusalar, tengingu við mismunandi rými, mótuneytis og vinnaaðstöðu starfsfólks.

...hljóðvist verði vel hönnuð og mikilvægi hljóðvistar haldið á lofti á undirbúningstíma. Lögð verði áhersla á að hljóðvist verði góð í vinnurýmum og



Undirbúningur við byggingu leikskóla og aðstöðumál grunnskólans á Hellu 2019 hvíldaraðstöðu barna ásamt leiksvæðum, svo ekki glamri og skapi áþarfa álag, bæði á börn og starfsfólk.



...stólar í mótuneyti / matsal verði á hjólum til að skapa léttara andrúmsloft og að ekki verði um óþarfa hávaða við að draga stóla og borð á gólfinu. Fer mun betur með gólfefni líka.

...stigi á milli hæða verði nýttur sem áhorfendapallar. Hann verði það breiður að hægt verði að sitja í honum þegar um skemmtanir eða aðrar uppákomur er að ræða. Ákjósanlegt er að stigi verði staðsettur beint á móti sviði í samkomusal.



...eldhús og þvottahús verði hlið við hlið. Hægt verður að samnýta lagnir, bæði í sökkli og í veggjum með þessu móti. Stutt á milli gefur meiri möguleika á hagræðingu og stuðlar að betri þrifum.

...sturta verði í rými starfsfólks. Afar mismunandi er hvernig aðstæður eru hjá starfsfólki og geta komið allskonar slys sem verða þess valdandi að gott er að komast í sturtu.

...gott pláss verði fyrir móttöku aðfanga og er æskilegt að það rými tengist eldhúsi og slíkri aðstöðu. Aðgengi verður að vera utanfrá, bæði göngudyr og stærri dyr til móttöku aðfanga.

...eldhús verði vel skipulagt og anni þeim möguleikum sem samnýting felur í sér. Það þarf að rúma nauðsynleg tæki og tól sem tilheyrir stóru eldhúsi, þar sem áformað er að eldhúsið anni einnig mótuneyti grunnskólans og gæti því þurft að matreiða allt að 400 skammta.



Undirbúningur við byggingu leikskóla og aðstöðumál grunnskólans á Hellu 2019

...geymsla í formi stórra skúffa verði takmörkuð. Stórar skúffur í innréttingum eru óþarfar. Hafa skúffur litlar og meðfærilegar. Þungir diskar og fleira veldur miklu álagi á stafsfolk og betra að hirslur valdi þeim þunga án mikils álags á hirslurnar.

...kaffistofa starfsfólks þarf að vera rúmgóð og björt. Kaffistofan getur verið afdrep frá álagi og því þarf kaffistofan að vera vel búin hvíldarhúsgögnum og tækjum ásamt geymslum fyrir matvæli og aðbúnað.

...viðtalsherbergi stórt svo hægt sé að samnýta það annarri teymisvinnu. Viðtalsherbergi eru í stanslausri notkun og því ákjósanlegt að nýta þau samhliða til annarra hluta t.d. til teymisvinnu starfsfólks.

...ljósritunarvélar og prentarar í sérrými. Hávaði og ómur af slíkum vélum er pirrandi til lengdar og getur skapað óþarfa álag á viðkomandi starfsmann í nágrenni þeirra. Best er ef slíkar vélar eru hafðar í sérrými, en þó nálægt starfsaðstöðu.


...skrifstofur stjórnenda leikskólans verði samtengdar. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri, ásamt deildarstjórum ættu að geta samnýtt rými sín á milli. Ef næði þarf að vera meira væri hægt að nýta viðtalsherbergi.

...rofi verði á vegg við skolvaska barnanna til að slökkva fyrir rennsli vatns. Kemur í veg fyrir óþarfa eyðslu á vatni. Rofi gæti verið með sjálfvirka magnstýringu á vatni.

...dimmerar verði í flestum rýmum. Aðstæður utandyra geta haft mismunandi áhrif á aðila innandyra og er gott að geta stýrt birtustigi ef þörf er á. Á þetta sérstaklega við um hvíldarrými barna og starfsmanna. Kyrrðarstundir með börnum verða einnig meira notalegar ef hægt er að minnka birtustig rýmisins.

...rými verði útbúið sérstaklega fyrir matarvagna sem tilheyra eldhúsi. Oft hafa slík rými gleymst í hönnun svona húsnæðis og allt of algengt er að matarvagnar séu látnir standa upp við vegg í göngum og skotum, þar sem þeir eru alltaf fyrir vinnandi fólki. Rými þyrfti að vera tengt eldhúsi eða mótuneyti.

...símatengla í öll rými. Tölvutenglar, innanhússkerfi. Huga þarf vel að slíkum möguleikum til að hámarka nýtingu rýmanna og einnig að huga að staðsetningu tengla í rýmum.




...hiti verði í gólfi útideilda þar sem gólf verði lægra en eiginlegur gólfkóti hæðarinnar. Með þessu móti fæst fljótari þurrkun fótabúnaðar meðan á umskiptum er að ræða. Mishæðin kemur sér vel ef starfsfolk þarf að sitja við vinnu sína að setja börnin í útiföt eða færa þau úr útifötum. Afmörkun leynir sér heldur ekki ef mishæðin gæti verið um 40-50



Undirbúningur við byggingu leikskóla og aðstöðumál grunnskólans á Hellu 2019 sm. Hentugt er að hafa setusvæði í lykjum / bylgjum til að auka við pláss.

...þurrkskápur verði ekki notaðir en hiti í rörum á vegg komi í staðinn. Unnt verði að tengja hita í veggrör, tengdu gólfhitakerfi hússins. Þetta getur sparað umtalsverða fjármuni ef unnt er að sleppa þurrkskápum og munur hvað þetta er ólíkt þægilegra í alla staði.

...útileiksvæði verði vel skipulögð og stór með möguleika á útfærslu útikennslusvæðis. Útisvæði verði mótað og hannað af landslagsarkitekt þar sem tengsl verða við náttúruna. Góð og örugg leiktæki verði á útisvæði en varast ber að gleyma sléttum svæðum, svo sem til leikja. Gera þarf ráð fyrir útikennslu, möguleika á gróðursetningu og náttúruskoðun.



...tartan verði á útisvæði. Tartan er gerfiefni sem nýtist vel á útisvæðum og er mikið notað sem slík yfirborðsefni. Gott er að þrifa það og það safnar heldur ekki í sig óæskilegum óhreinindum. Það er hæfilega mjúkt og styður því vel við hné og aðra liði í leikjum barnanna.

Faghópurinn skilaði skýrslu til sveitarstjórnar í júlí 2019.

Um það leyti sem vinnu faghóps leikskólamála var að ljúka var komin fram umræða um skipan starfshóps um aðstöðumál grunnskólans á Hellu. Á 12. fundi Byggðaráðs var lögð fram tillaga þess efnis að skipaður yrði starfshópur til að greina þarfir grunnskólans til framtíðar litið. Sveitarstjórn staðfesti niðurstöðu Byggðaráðs á 12. fundi sínum.



Fyrsti fundur starfshóps um aðstöðu grunnskólans:

Fundur var haldinn í Grunnskólanum Hellu 19. júní 2019 .

Mætt voru: Sigurgeir Guðmundsson, Hjalti Tómasson, Lovísa Sigurðardóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Birta Halldórsdóttir, Haraldur Eiríksson, Kristín Sigfúsdóttir og Ingibjörg Þóra Heiðarsdóttir Fundur settur kl.16,30.

Farið var yfir helstu áherslumál skólastjóra og skólaráðs í framtíðar byggingarmálum Grunnskólans á Hellu. Farið var í skoðunarferð um skólahúsnæðið og farið yfir ýmsa mögulega uppbyggingarmöguleika. Helstu áherslu atriði í uppbyggingu sem rædd voru : mötuneyti og hátíðarsalur sem innangengt væri í úr núverandi húsnæði, fleiri viðtalsherbergi og fleiri almennar kennslustofur. Sigurgeir skólastjóri taldi þörf á 2 til 3 sérkennslurýmum í viðbót ásamt 2 til 3 almennum kennslustofum til að uppfylla þarfir grunnskólans.

Kom fram á fundinum að starfshópur sem vinnur hugmyndavinnu í undirbúningi að nýjum leikskóla er búinn að vera að störfum í um mánuð og þykir jafnvel vænlegt að sameina þessa starfshópa. Það þykir álitlegt að mörgu leiti að það séu sameiginleg mötuneyti í leik og grunnskóla og matsalur jafnvel nothæfur sem hátíðarsalur ef hönnun er rétt. Ef það gengur upp plásslega að byggja nýjan leikskóla við endann á íþróttavelli ætti að vera hægt að ná fram töluverðum samlegðaráhrifum með samnýtingu þessara stofnana á þessum rýmum.

Ákveðið var að hittast aftur eftir Töðugjöld í ágúst.

Annar fundur starfshóps um aðstöðu grunnskólans:

Fundur haldinn mánudaginn 2. september klukkan 16.00 í fundarsal í Miðjunni.

Mætt voru: Björk Grétarsdóttir, Haraldur Eiríksson, Lovísa Sigurðardóttir, Hrafnhildur Valgarðsdóttir, Kristín Sigfúsdóttir, Klara Viðarsdóttir og Birgir Haraldsson sem ritaði fundinn.

Almennt var fólk sammála um að sameina eigi starfsemi beggja skólanna að því marki sem viðkemur skipulagi húsnæðis. Byrja þyrfti á að byggja sameiginleg rými, ef áfangaskipta þarf framkvæmdinni. Gera þarf ráð fyrir sameiginlegum matsal og mötuneyti. Leiksvið gæti verið innan matsalar en samt hægt að útiloka það frá matsalnum. Aðgengi að sal utanfrá. Lögð er áhersla á sameiginlegt viðtalsherbergi. Núverandi bókasafn ætti að víkja fyrir annarri og hentugri notkun. Nýtt bókasafn yrði í nýrri byggingu. Skóladagheimilið fari í núverandi leikskólahúsnæði við Útskála. Gera þyrfti ráð fyrir aðstöðu fyrir tónlistarskólann í nýrri byggingu.



Undirbúningur við byggingu leikskóla og aðstöðumál grunnskólans á Hellu 2019

Fólk var sammála um að skoða þarf Krikaskóla betur, þar sem útfærsla á áherslum þess skóla á mjög vel við hugmyndir hópanna. Skoðað með ferð eftir miðjan september.

Fulltrúar grunnskólans á Hellu munu taka saman sínar áherslur varðandi nauðsynleg rými sem koma þarf fyrir í nýrri byggingu.

Þann 17. september var svo haldinn fundur með starfsfólki grunnskólans á Hellu þar sem eftirfarandi atriði voru efst á baugi:

- **Matsalur**, mötuneyti innangengt úr skóla. Mikilvægt að eldhús sé undir sama þaki og skólinn.
- **Svið og salur** – mikilvægt að hafa aðskilið við mötuneyti, t.d. rennihurð á milli, sérstaklega mikilvægt ef bæði leik- og grunnskóli verða í sama húsnæði.
- **Góð starfsmannaaðstaða**, kaffistofa og vinnuaðstaða fyrir kennara.
- Vantar **góða aðstöðu fyrir list- og verkgreinar**.
- **Mörg lítil rými** – fyrir sérkennslu, fundi, litla hópa, lestrarprófun, tónlistarkennslu o.fl. Athuga að eitt lítið rými er ekki nóg.
- **Skóladagheimili** – kostur að hafa það innangengt úr skóla. Bæta þarf aðstöðu skóladagheimilis, sem nú býr við nánast óviðunandi aðstæður.
- Ein **stór skólastofa** í viðbót fyrir **ýngsta stig**.
- Ein **skólastofa** í viðbót við **unglingastig** og losa um náttúrufræðistofuna sem nú er bekkjarstofa.
 - yngri nemendur geta nýtt hana frekar
 - auðveldara að skoða það sem finnst úti
- Mikilvægt að **starfsfólk skólans komi að ákvörðunartöku** um framtíðarskipulag skólamála.
- **Sérdeild** sem nýtist m.a. fyrir nýbúa.
- **Aukaherbergi** sem hægt er að hólfa niður
- **Tækniver**
- **Útikennslustofa**
- Taka tillit til bílastæða
- Spurning um að nýtt **bókasafn** yrði hluti af tengibyggingu við leikskóla (ef sú leið verður farin) í stað þess sem nú er. Þannig myndi skólinn geta nýtt núverandi bókasafn undir t.d. list- og verkgreinaaðstöðu og/eða tækniver.

Þegar þetta er skrifað á ennþá eftir að skoða betur Krikaskóla í Mosfellsbæ, en það er sá skóli sem faghópi fyrir leikskóla fannst koma best út miðað við þá þætti sem snúa að samræmingu á aðstöðu beggja stofnana.

Skólahópurinn skoðaði Krikaskóla í nóvember 2019. Sömu sögu var að segja frá þeim hópi. Sú bygging og allt innra skipulag húsnæðisins var í samræmi við áherslur hópsins. Skiptar skoðanir voru þó um hvort hentugt væri að hafa kennslu í svo opnum rýmum sem þar voru.



Undirbúningur við byggingu leikskóla og aðstöðumál grunnskólans á Hellu 2019

Til að sjá skóla sem tekið hafði mið af innra skipulagi Krikaskóla var ákveðið að skoða Kerhólsskóla í Grímsnesi. Sá skóli var byggður á grunni skoðunar á Krikaskóla. Farið var í skoðunarferð 27. janúar 2020. Skoðun á Kerhólsskóla studdi enn frekar við áherslur hópsins.

Fleiri punktar bárust frá starfsfólki grunnskólans:

- **Tónmenntastofa verði við hliðina á samkomusalnum.**
Gera má ráð fyrir að oft þurfi að bera hljóðflutningstæki og hljóðfæri úr þeirri stofu yfir í salinn. Gott væri líka að hafa a.m.k. eitt kennsluherbergi fyrir tónlistarskólann á sama sama stað.
- **Bókasafn í nýja byggingu.**
Núverandi rými nýtist mun betur sem lista- og tækniver, þar yrði miðja skapandi starfs í skólanum. Það væri líka góður kostur fyrir alla að hafa bókasafn í millibyggingu þar sem leik- og grunnskóli hafa aðgang innanfrá og að hægt væri að opna almenningsbókasafn utanfrá.
- **Kennslustofur og sérkennsluherbergi á barnaskólagangi**
Ein hugmynd okkar er hvort hægt sé að byggja stofur (kannski tvær) hinu megin við núverandi stofur á barnaskólagangi, þær myndu þá snúa út að körfuboltavellinum við Útskála. Núverandi sérkennslustofa (inni á barnaskólaganginum) yrði löguð samhliða. Okkur vantar kennslustofur og væri hægt að hafa kannski eina þarna sem og betri aðstöðu fyrir sérkennslu.
- **Vinnuaðstaða kennara**
Skiptar skoðanir eru um núverandi vinnuaðstöðu kennara. Það er eitthvað sem vert væri að hafa í huga í þessari vinnu. Núverandi kennarastofa og vinnuaðstaða kennara myndi þá losna og mætti skoða hvort hægt væri að nýta það undir kennslustofu eða jafnvel tónlistarskóla eða skóladagheimili.

Annað sem mikilvægt er að bæta við núverandi aðstöðu:

- Viðtalsherbergi (sameiginleg fyrir leik- og grunnskóla-3-4)
- Herbergi fyrir tónlistarkennslu
- Smíðastofa (ef Selið fer)

- **Annað**
Það þarf að huga að núverandi aðstöðu skóladagheimilis. Væntanlega verða gámarnir teknir fljótlega þegar farið verður af stað með bygginguna. Það er spurning hvert skóladagheimilið fer þá. Nú eru um 45 börn á skóladagheimilinu og þarf að gera ráð fyrir plássí fyrir 50-60 börn.
Smíðastofan er í Selinu (húsið sem stendur fyrir utan barnaskólaútganginn). Spurning hvort Selið fari ekki (var sett til bráðabyrgða fyrir mörgum árum) og þarf þá að huga að aðstöðu fyrir smíðakennsluna.

Það er af nógu að taka eins og sést á þessari samantekt. Tillögur hópsins eru margvíslegar en allar bera þær að sama brunni. Hentugast er að sameina innra skipulag grunn- og leikskólans. Tónlistarskólinn ætti einnig að fá aðstöðu í nýrri byggingu.

Tekið saman í janúar 2020,
Birgir Haraldsson.



Rangárþing ytra

Undirbúningur við byggingu leikskóla og aðstöðumál grunnskólans á Helli 2019